



BOLUNGARVÍK

Bolungarvíkurkaupstaður

Aðalstræti 12-14

415 Bolungarvík

Umsögn Bolungarvíkurkaupstaðar um frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, Mál nr. 64/2023

Fyrir liggur að umrætt frumvarp mun fela í sér umtalsverðar breytingar á úthlutunum Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaga um allt land. Bolungarvíkurkaupstaður leggur áherslu á gegnsæi þeirra áhrifa sem frumvarpið hefur á einstök sveitarfélög. Sérstaklega m.t.t. áhrifa á heildarframlög með hugsanlegum byggðarframlögum til einstakra sveitarfélaga.


Mikilvægt er að vanda til allrar kynningar á frumvarpinu og leitast við að sætta þau ólíku sjónarmið sem fram koma milli einstakra sveitarfélaga í afstöðu þeirra til frumvarpsins.

Skoða má hvort breytingar á fjárhagslegum áhrifum sé hægt að innleiða í áföngum.

Mikilvægt er að fjármagn til styðja við samningar í náinni, jafnt sem fjarlægri, framtíð verði ekki til að skerða almenn framlög úr jöfnunarsjóð. Stuðningur við samningar þarf að fjármagna sérstaklega utan hefðbundna tekna sjóðsins.

Skoða má hvort nýta megi Jöfnunarsjóð, með auknum framlögum, til að greiða sérstaklega fyrir þung og erfið verkefni sveitarfélaga og stuðla þannig að auknu fjárhagslegu sjálfstæði þeirra til lengri tíma.

Bolungarvík, 30.nóvember 2023


Bæjarstjórinn í Bolungarvík

Jón Páll Hreinsson, Bæjarstjóri.